

**136** ritaðir af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslu-  
7. nóvbr. manns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslu-  
maður út eftir akvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja vottorð frá hlutadeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag, eða samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnarráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð þetta út.

Beiðnir um útvegum á girðingarefni, samkvæmt framansögðu, verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Í stjórnarráði Íslands 7. nóvember 1906.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

**137**  
10. oktr.

## Auglýsing

um

### ákvörðum tímans við starfrækslu landsímanna og póstpjónustuna.

Við starfrækslu landssímanna og póstpjónustuna skal fara eftir einum og sama tíma á öllu Íslandi, er sje miðtiminn á 15. lengdarstigi fyrir vestan Greenwich.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 10. október 1906.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

### Embættaskipun og lausn m. m.

Lausn.

13. nóvbr. var presti að Mýrdalsþingum, Jes A. Gíslasyni, veitt lausn frá embætti án eptirlauna, samkvæmt umsókn hans.

### Óveitt embætti.

Laust prestakall.

Mýrdalsþing í Vestur Skaptafellsprófastsdæmi (Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatar-sóknir). Metið kr. 1318.22. — Uppgjafaprestur fær af brauðinu kr. 118.22 upp í eptirlaun sín. — Veitist frá næstkomandi fardögum. Auglýst 15. nóvbr. 1906. Umsóknarfrestur til 16. janúar 1907.